

Þar sem líklegt er af ástæðum, sem greindar eru hér að framan, að kærður hafi ekki farið inn í landhelgina með ásetningi, og þar sem skilja þykir mega ákvæði fyrra liðs 5. gr. laga nr. 5 frá 1920 um fangelsi sem aukarefsingu, samkvæmt almennum grundvallarreglum refsilaga um hækkun refsingar fyrir itrekað brot, á þann veg, að aukarefsingunni skuli því aðeins beitt, að um ásetningsbrot sé að ræða, sbr. og seinni lið greinarinnar um heimild fyrir aukarefsingu við fyrsta brot þegar miklar sakir eru, þá verður kærður ekki dæmdur í umrædda aukarefsingu.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 16. maí 1930.

Nr. 39/1929.

Hallgerður Hallgrímsdóttir

(Lárus Fjeldsted)

gegn

Ingólfi Lárussyni og gagnsök

(Guðm. Ólafsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur einkalögregluréttar Ísafjarðarsýslu 31. ágúst 1928: Kærður, Ingólfur Lárusson, á að vera sýkn af kröfum kærands, Hallgerðar Hallgrímsdóttur, ef hann eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjar fyrir það með eiði, að hann hafi haft samfarir við kæranda fyrir 1. janúar 1928, á tímabilinu september og október næst á undan, að hann geti verið faðir að barni því, er kærandi ól 11. júní þ. á. Vinni kærður aftur á móti eigi eiðinn, skal hann teljast faðir barnsins, og á hann að greiða meðlag með barninu og barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður eftir yfirvaldsúrskurði.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu dómsins, að viðlagðri aðförlögum.

Dómur hæstaréttar.

Málinu er áfrýjað af báðum aðiljum samkv. áfrýjunarleyfi og rekið af hendi aðaláfrýjanda með gjafsókn og skipuðum talsmanni.

Krefst aðaláfrýjandi þess, að aðalstefndi verði dæmdur faðir barnsins, en til vara, að sér verði dæmdur fyllingareiður.

Gagnáfrýjandi krefst hinsvegar sýknu, og til vara, að sér verði dæmdur synjunareiður.

Svo krefst og hvor aðili um sig málskostnaðar fyrir hæstarétti, en málskostnaðar í héraði hefir hvorugur krafizt.

Að visu hefir aðalstefnandi eins og getið er í hinum áfrýjaða dómi átt utan hjónabands barn fyrir hér um bil 10 árum, en þar sem 2 vitni hafa borið, að hún hafi ekki óorð á sér, skiftir það atvik, þegar af þeirri ástæðu ekki máli.

Hinsvegar er það upplýst með prófum eftir uppkvaðningu héraðsdómsins, að aðalstefnandi hafi allan meðgöngutímann, að undanteknum 2 síðustu mánuðunum, sofið, að visu í rúmi sér, en ein kvenna, í sama herbergi og fullorðinn karlmaður og unglingspiltur, og að hún sagði aðalstefndum ekki til þunga síns fyr en í apríl það ár, er hún ól barnið, eða um 2 mánuðum fyrir burð þess.

Þykja úrslit málsins, enda þó að herbergisnautar aðalstefnanda hafi, hvor í sínu lagi, neitað samförum við hana, því, eftir atvikum, eiga að velta á synjunareiði aðalstefnda samkv. 15. gr. laga nr. 46 1921.

Vinni aðalstefndi eiðinn á hann að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, og áfrýjandi þá að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 100 kr.,

en þóknun hins skipaða málflutningsmanns, er flutt hefir málið óaðfinnanlega, og ákveðst 80 kr., greiðist af almannafé.

Verði aðalstefnda hinsvegar eiðfall, greiði hann aðaláfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, meðal annars málflutningskaup hins skipaða talsmanns, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndi, Ingólfur Lárusson, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Hallgerðar Hallgrimsdóttur, ef hann innan 8 vikna eftir lögbirtingu dóms þessa, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, synjar fyrir það með eiði, að hann hafi haft samfarir við áfrýjanda frá 15. sept. til 31. okt. 1927 að báðum dögum meðtöldum, og á áfrýjandi þá að greiða honum 100 kr. máls- málskostnað fyrir hæstarétti, en málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, Lárusar Fjeldsted, 80 kr., greiðist úr rikissjóði.

Verði stefnda aftur á móti eiðfall, skal hann teljast faðir barns þess, Sigurðar, er áfrýjandi ól 11. júní 1928, og greiða barnsmóðurinni málskostnað fyrir hæstarétti, eins og málið hefði eigi verið gjafsóknarmál, þar með talið málflutningskaup talsmanns hennar, 80 kr.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Tildrög þessa máls eru þau, að 11. júní þ. á., ól ógift stúlka í Bolungarvík Hallgerður Hallgrímsdóttir sveinbarn, er í skírnni hefir hlotið nafnið Sigurður.

Lýsti hún föður að barninu Ingólf Lárusson, sjómann í Bolungarvík, en hann hefir synjað fyrir faðernið. Hefir því Hallgerður Hallgrímsdóttir krafizt, að höfðað væri barnsfaðernismál gegn honum og gjört þær kröfur, að hann verði talinn faðir barnsins og skyldaður með yfirvaldsúrskurði til að greiða meðlag með því, barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður samkvæmt lögum.

Eins og fyr greinir ól kærandinn sveinbarn 11. júní þ. á. Var barnið fullburða, þyngd þess 3½ kg. og lengd 52 sm. Hefir kærandinn gefið þá skýrslu fyrir réttinum, að hún hafi haft samfarir við kærðan 15. september 1927, og álitur, að barnið hafi þá komið undir, enda hafi samræðið verið fullkomið að hennar áliti. Auk þess hefir kærandinn skýrt réttinum frá, að hún hafi þráfaldlega átt samfarir við kærðan eftir þetta með nokkurra daga millibili, stundum undir beru lofti og stundum inni á herbergi hennar.

Kærður, er synjað hefir fyrir faðernið, kannast hinsvegar við það, að hann hafi átt samræði við kæranda tvisvar sinnum, sem sé 1. janúar og 18. marz þ. á. Í fyrra skiftið í herbergi kæranda, en í síðara skiftið í herbergi kærðs og viðurkennir kærandi það rétt vera, en heldur fast við þann framburð sinn, að þau hafi þess utan þráfaldlega haft holdlegt samræði með þeim hætti, sem að ofan greinir.

Kærandinn, er áður hefir alið lausaleiksbarn, með Guðmundi nokkrum Ásgeirssyni sjómanni í Bolungarvík, sem nú er 8 ára, hefir eindregið haldið því fram að hún einungis hafi haft samræði við kærðan og geti því enginn nema hann verið faðir barnsins, enda hefir kærður eigi tilgreint neinn annan, er gæti verið faðir þess. Það þykir því eigi vera útilokað, að kærður geti verið faðir barns þessa, er kærandinn ól 11. júní þ. á., og þykir samkv. N. L. 6—13—5. eiga að láta úrslit málsins um meðlagsskyldu kærðs vera komin undir eiði hans, þannig, að hann skuli vera sýkn af kröfum kærandans, ef hann synjar fyrir það með eiði, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, að hann hafi haft samfarir við kærandann

fyrir 1. janúar 1828, á tímabilinu september og október næst á undan, að hann geti verið faðir að barninu, en greiði ella barnsfararkostnað og meðlag með barninu frá fæðingu barnsins eftir yfirvaldsúrskurði.

Þess skal getið, að vegna manntalsþinga og annara embættis-anna, hefir eigi verið hægt að kveða upp dóm þennan fyr.

Mánudaginn 19. maí 1930.

Nr. 124/1929. **Vatnsveitufélag Skildinganeskaup-
túns** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**bæjarstjórn Reykjavíkur og gagn-
sök** (Guðm. Ólafsson).

Réttur aðaláfrýjanda til vatnstöku úr vatnsveitu stefnda (Reykjavíkurbæjar).

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. nóvbr. 1929: Stefnanda, Vatnsveitufélagi Skildinganeskaupstúns, skal heimilt vatn úr vatnsveitu Reykjavíkurkaupstaðar til notkunar í heimilis- og búsparfir, svo fremi dómkvaddir menn meta, að vatn í veitunni sé til þess nægilegt umfram þarfir kaupstaðarins, enda ákveði þeir stað þann, er æðina til stefnanda kann að mega taka úr veitunni, þannig, að vatnsnot stefnanda brjóti ekki í bág við vatnspörf Reykjavíkurkaupstaðar, en stefnanda þó tryggt vatn ef umfram er. Og enn er heimild stefnanda til vatns úr veitunni því skilyrði bundin, að vatnsæðin til hans valdi eigi, eftir mati sömu manna, kaupstaðnum verulegu óhagræði að öðru leyti.

Hin stefnda bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar greiði stefnanda 100 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar af hálfu beggja aðilja.

Aðaláfrýjandi hafði í héraði gjört þá réttarkröfu,